

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 23. apríl 2024 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn á Teams og hófst fundurinn 11:00

Fundinn sátu: Hrafnkell Guðnason og Jóhanna Einarsdóttir frá Reykhólahrepp. Garðar Freyr Vilhjálmsson, Andri Þór Árnason og Ingibjörg Þórunn Steinudóttir Andri Þór ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Rætt var um hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi á milli Reykhólahrepps og Fjárfestingafélagsins Hvamms um samstarf við byggingu á íbúðarhúsum á Reykhólum.
- Hrafnkell kynnti byggingaráform á Reykhólum og spurði hvort áhugi væri fyrir hendi hjá Hvammi að koma að kaupa þær íbúðir sem Reykhólahreppur hefur verið í að undirbúa með Dalasmiðum.
- Ingibjörg kynnti markmið Hvamms og sagði jafnframt að félagið hefði ekki burði til að taka að sér verkefni á framkvæmdastigi, enginn starfsmaður væri í félaginu og töluverð vinna fylgdi því að klára og halda utanum svona byggingaverkefni.
- Möguleiki hefði félagið áhuga á að kaupa íbúðir þegar byggingu væri lokið en þá þyrfti að liggja fyrir langtímaleigusamningur.
- Félagið væri um þessar mundir að kaupa iðnaðarhúsnæði í Búðardal og á þróunum væri að fjárfesta meira í fyrirtækjum á svæðinu.
- Byggðastofnun er nýbúinn að auka hlutfé sitt í félaginu og ef aðrir aðilar koma inn með meira hlutfé þá er Byggðastofnun tilbúin að auka hlutfé sitt til þess að halda sínum 40% í félaginu.
- Dalabyggði hefur ekki stefnu um að vera endilega meirihluta eigandi en þeir halda á 60% hlut í dag.
- Aðilar voru sammála um að tækifæri og styrkur gæti legið í samstarfi og/eða því að Reykhólahreppur kæmi inní Hvamm.
- Ákveðið var að halda viðræðum áfram. Stjórn Hvamms mun skoða hvaða tölur voru lagðar til grundvallar þegar Byggðastofnun jók hlutfé sitt reikna virði félagsins með hliðsjón af síðasta ársreikningi. Fulltrúar Reykhólahrepps munu kynna hugmyndirnar fyrir sveitarstjórn Reykhólahrepps og fá stuðning til frekari viðræðna.
- Hrafnkell og Jóhanna yfirgáfu fundinn
- Ingibjörg óskar eftir því að fá tölur úr ársreikningi varðandi eignarhald á félaginu og í kjölfar þess sendir á Hrafnkel.
- Samþykkt samhljóða að Síbería verði seld Svavari eins og fram kom á seinasta fundi. Afsal hefur þegar verið útbúið og sent í póst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:10

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Andri Þór Árnason

Garðar Vilhjálmsson

Ingibjörg Þórunn Steinudóttir